

Nemendaráðsfundur 19.mars. 2026

Mættir eru : Sandra Lind, Óskar Elí og Ívar Enok.

Fundur settur kl 12:50

- Borin upp tillaga þess efnis að nemendaráð kaupi borðtennispaða og borðtenniskúlur fyrir nemendur Patreksskóla– allir samþykkja.
- Umræða um að færa fimmtudagskaffi yfir á mánudaga. Rökin : Mánudagar eru oft erfiðir dagar og mánudagskaffi myndi létta á þeim degi, einnig meiri tími á sunnudögum til að baka fyrir mánudagskaffi en á miðvikudögum fyrir fimmtudagskaffi.
- Ákveðið að bjóða upp á kosningu fljótlega á miðstigi og unglingastigi, til að athuga hvort nemendur séu til í að breyta frá fimmtudögum yfir í mánudaga.
- Opnuðum hugmyndakassann, sem er geymdur hefur verið í neðri skólanum (yngsta stigi). Mjög mikið af hugmyndum komu upp úr kassanum. En þær eru:
 - * Hafa dýr í búi í skólanum (2 atkvæði)
 - * Gera Rage room með boxpúða
 - * Langar að hafa meiri stærðfræði - langar að hafa meiri stæ og íslensku
 - * Meira lotusólkerfi – Meira lita og lesa – Meiri list og verk
 - * Mega nota íþróttaskó í íþróttum (3 atkvæði) – hafa fótbolta í íþróttum -
 - * Hafa betri mat á föstudögum – hafa ís á föstudögum – píta/ pizza á föstudögum
 - * Skólabíll sem sækir okkur heim til okkar (4 atkvæði)
 - * Stelpur og strákar ekki á sama klósetti
 - * 5-10 mín spjall í enda hvers tíma

* Halda áfram að laga skólalóð svo hægt sé að hlaupa að kastalanum – Fá fleiri

leiktæki

* Hafa íþróttadag fyrir yngsta stig – Gistipartý á yngsta stigi

* Lengra nesti – Sætt nesti (4 atkvæði)

* Gróðursetja tré – klifurveggur – borðtennisborð

* Nýtt sjónvarp í allar stofur

* Fimmtudagskaffi 2x í mánuði

* Hafa dag sem er með snakki og hafa bíómynd, djús og popp

* Ýmsar tillögur af uppbrotsdögum komu úr hugmyndakassanum, þessar tilögur eru :

Fimleikadagur, dansdagur, ísdagur (2 atkvæði), símadagur, dótadagur (6 atkvæði),

litadagur (2 atkvæði), nammidagur (4 atkvæði), náttfata-og bangsadagur (7 atkvæði),

Stich dagur (2 atkvæði), dýradagur, tónlistardagur, útidagur með tónlist, fótboltadagur,

prinsessudagur, froðudagur (2 atkvæði), sunddagur (2 atkvæði), krakkadagur

(krakkarnir ráða öllu), súkkulaðidagur (2 atkvæði), bíódagur, poppdagur, hundadagur,

partýdagur, peningadagur, BFF dagur, pakkadagur, búningadagur, útidagur

- Fundi slitið kl 13:20

Jórunn ritar.